



Fundur Fræðslunefndar Hveragerðisbæjar haldinn á bæjaskrifstofu, Breiðumörk 20, 8.4.2019 kl. 17:00.

Fundinn sátu: Alda Pálsdóttir, Smári Björn Stefánsson, Ninna Sif Svavarsdóttir, Sæbjörg Lára Másdóttir og fulltrúi sveitarfélagsins Ölfus, Ida Lön.

Ennfremur sátu fundinn Sævar Þór Helgason skólastjóri GÍH, Gunnar Hlíðal Gunnarsson fulltrúi kennara við GÍH, Svava Dóra Svavarsdóttir fulltrúi foreldra grunnskólabarna, Anna Erla Valdimarsdóttir leikskólastjóri Undralands, Steinunn Steinþórsdóttir forstöðumaður Bungubrekku og Matthea Sigurðardóttir aðstoðarskólastjóri GÍH sem ritaði fundargerð.

Gestir: María Kristjánsdóttir og Hrafnhildur Karlsdóttir

Hlín Guðnadóttir og Gunnvör Kolbeinsdóttir boðuðu forföll.

#### Dagskrá:

##### 1. Fundur settur

Alda formaður nefndarinnar setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

##### 2. Skólaþjónusta Árnesþings

María og Hrafnhildur kynntu starfsemi skóla- og velferðaþjónustu Árnesþings og helstu áherslur í starfinu.

##### 3. Skýrslur stjórnenda

###### a. GÍH

Í janúar ákvað stjórn nemendafélags skólans að mótna yrði símalaust svæði og lagt var til að föstudagar yrðu símalausir dagar. Þetta hefur gengið ljómandi vel með ákveðinni aðstoð og stuðningi frá starfsfólk skólans.

Starfsmannasamtölum er lokið og vinna við skipulag næsta skólaárs á fullu. Væntanlega verða einhverjar kennarastöður auglýstar.

Við höfum fengið sjö kennaranema á vormisseri. Two íþróttatrafæðinema, two sem voru á miðstigi og þrjá sem voru á yngsta stigi.

Á næstunni tökum við þátt í rannsóknarverkefninu QUINT, um gæði kennslu á Norðurlöndunum. Qualitiy in Nordic Teaching er stýrt frá Háskólanum í Oslo. Rannsóknin felst í viðamikilli gagnasöfnun í norrænum kennslustofum á unglögastigi grunnskóla og er ætlað að gefa heildstæða mynd af gæðum kennslunnar. Okkar þátttakendur eru nemendur í 8.bekk og kennrarar í íslensku, samfélagsfræði og stærðfræði.

Skólastjóri veitti upplýsingar um fjármagn til þjónustuþátta og hlutfall af heildarskólakostnaði samkvæmt beiðni frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Stórgóðar niðurstöður úr starfsmannakönnun Skólapúls. Sem væntanlega verða kynntar fyrir fræðslunefnd á síðasta fundi þessa skólaárs.

###### b. Undraland

Starfsmannabreytingar hafa verið nokkrar það sem af er ári 2019. 8 börn bættust við á yngstu deildum í febrúar sem kallaði á fjölgun starfsmanna. Fimm starfsmenn hættu og tveir fóru í langtíma veikindaleyfi sem nú er búið að manna.

Vetrarstarfið er að klárist og við ljúkum LAL önn núna í apríl. Við tekur vinna sem tengist



vorinu og náttúrunni. Erum farin að horfa til næsta vetrar og röðunar á deildir.

4. Skóladagatal og jafnréttisstefna GÍH

Skólastjóri leggur skóladagatal næsta skólaárs til samþykktar Fræðslunefndar. Það er samþykkt án athugasemda.

Jafnréttisáætlun GÍH var samþykkt.

5. Merkingar skólahúsnaða í Hveragerði

Umræður um merkingar á grunnskólanum og Undralandi.

6. Bréf Félags- og barnamálaráðherra vegna vinnu við stefnumótun í málefnum barna  
Fræðslunefnd Hveragerðisbæjar fagnar því að Félags- og barnamálaráðherra muni beita sér í  
því að tryggja börnum heildstæða og samhæfða þjónustu.

7. Önnur mál

Fundi slitið: 18.45

Son frá  
Myrmer Almódur  
Davaðar davaðar.  
Ninni & Svanibellir  
Óleifur E.O.  
Sunnari Björn Stefánsson.  
Aður Þórdóttir  
Matthías Sigurðardóttir.